



Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Hótel Stracta Hellu 29. október 2021

1. **Aðalfundarstörf**

a) **Setning – formaður stjórnar**

Helgi Sigurður Haraldsson formaður setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b) **Kjör fundarstjóra og fundarritara**

Formaður tilnefni Björk Grétarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

c) **Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar.**

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Kristján Guðnason	Höfn í Hornafirði
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

d) **Skýrsla stjórnar**

Helgi Sigurður Haraldsson formaður flytur skýrslu stjórnar. Ræðir hann um störf HSL frá síðasta aðalfundi en haldnir hafa verið 7 stjórnarfundir á árinu, flestir í fjarfundi. HSL starfar eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsmenn eru 8 og eru starfsstöðvar tvær, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Fjöldi eftirlitsskyldra aðila árið 2020 eru 1.538. Skráðar eftirlitsferðir í misstórar einingar eru 1.172 ásamt fjölda heimsókna vegna umsagna. Fer hann yfir framlög frá sveitarfélögunum á móti öðrum tekjum. Framlög sveitarfélaganna eru í kringum 25-30% en eftirlitsgjöld standa undir 70-75% af rekstrinum. Önnur heilbrigðiseftirlit eru að fá um 30% frá sínum sveitarfélögum. Framlög sveitarfélaga sem tilheyra HSL eru áætluð um 22% á komandi ári. Rekstur heilbrigðiseftirlitsins er lögbundið verkefni sveitarfélaga.

e) **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Sigrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri flytur ársskýrslu HSL. Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um leyfi og umsagnir en samtals voru 1.097 mál tekin fyrir á árinu 2020. Heilbrigðiseftirlit eru hluti af innviðum sveitarfélaga en hlutverk heilbrigðiseftirlita er að gæta hagsmuna neytenda og náttúrunnar. Faglegar ákvarðanir eru sjálfstæðar. Samstarf við aðrar stofnanir er mikið og þá sérstaklega við sveitarfélög, ráðuneyti, UST og MAST. Starfssvæðið er stórt, Suðurland án Sv. Hornafjarðar, og er náið samstarf við átta byggingarfulltrúa á svæðinu. Þeim eru sendar allar umsóknir um starfsleyfi til umsagnar áður en þær eru teknar fyrir hjá heilbrigðiseftirlitinu. Þetta getur tafið afgreiðslu mála en

er lögbundið og nauðsynlegt eins og dæmi sanna. Að frumkvæði Brunavarna Árnæssýslu eru haldnir samráðsfundir með HSL, lögreglunni, byggingafultrúum og Vinnumálastofnun einu sinni í mánuði og eru þessir fundir að skila góðum árangri. Hún er ánægð með starfsfólkið sitt sem er reynslumikið en starfsmenn HSL voru alls níu á árinu 2020, þar af sumarstafsmaður sem starfaði í 3 mánuði. Í ársskýrslu er nánari grein gerð fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum sem tengjast starfseminni. Fyrirtækjum á Suðurlandi hefur fjölgað ár frá ári. Mesta er álagið í eftirliti á sumrin. Eftirlit er haft með gæðum baðvatns á sundstöðum ásamt aðstöðu og öryggi gesta. Hún hvetur vatnsveitur til að fá upplýsingar um áhættumatskerfi sem gert var á síðasta ári í samvinnu við HÍ. Farið er í matvælaeftirlit á hinum ýmsu stöðum. Umhverfis- og mengunarvarnir heyra undir HSL og einnig vöktun loftgæða og eftirlit með fráveitu. Ræðir hún um skýrslu sem gefin var út um fráveitumál. Suðurland kom ekki sérstaklega vel út þar og er þörf á bætingu en sveitarfélögin eru meðvituð um að átak þurfi í þeim efnum. Slakað hefur verið á kröfum í reglugerð um verndarsvæði Þingvallavatns varðandi rotþrær við einstaka hús og þriggja þrepa hreinsun. HSL vaktar mælingu loftgæða vegna brennisteinsvetnis á nokkrum stöðum á svæðinu, hægt er að skoða skýrslur á heimasíðunni um þær mælingar. Búið er að koma upp svifryksmæli í Reykholti ásamt því að bætt var við fjórum nýjum mælum á árinu, í Vík, á Kirkjubæjarklaustri, Selfossi og Hellu. Hreinsunarverkefnið hefur gengið vel en verkefnin eru óþrjótandi og eru mörg í gangi. Leggur hún til að áframhald verði á þessu verkefni. Áfram verður lögð áhersla á fráveitumál og sýnatökur á árinu, allar fráveitur yfir 50 persónueiningar eru starfsleyfisskyldar.

Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu ásamt þjónustugátt. Á komandi ári verður fylgt eftir rafrænni umbreytingu. Ávinningur af innleiðingu á rafrænum lausnum er að tölvupóstum hefur fækkað og eftirlitsskýrslur eru orðnar rafrænar. Ávinningurinn er einnig fyrir viðskiptavininn, það er auðveldara að skila inn umsóknum og gögnum á gagnvirkan hátt og markmiðið er að hægt verði að fylgjast með framvindu mála í þjónustugátt. Afgreiðsla mála verður hraðari og markmið að starfsleyfi verði rafræn og pappír verði nánast útrýmt.

Fundarstjóri gefur orðið laust, Ásta B. Ólafsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Helgi S. Haraldsson og Gísli Halldór Halldórsson, taka til máls.

Starfsskýrsla er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f) Niðurstaða kjörbréfanefndar um lögmæti fundarins

Ari Björn Thorarensen formaður kjörbréfa- og kjörnefndar kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um

lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 52 en gild kjörbréf eru fyrir 44 fulltrúa. Alls eru 44 aðalfulltrúar mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2020

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu 2020 skil í skýrslu stjórnar hér fyrr.

- h) Kynning vegna hreinsunarátaks á lóðum og lendum í umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands**
Sigrún kynnir hreinsunarátakið í máli og myndum. Minnir hún á að þó að HSL sé búið að hreinsa þá þurfa byggingafulltrúar stundum að koma að málunum í framhaldi.
- i) Ársreikningur 2020**
Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2020. Rekstartekjur ársins eru rúmlega 134 m.kr. Rekstrargjöld ársins eru rúmlega 153 m.kr. Þar kom fram að rekstrartap ársins er 18,6 m.kr.
Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.
Ársreikningur er borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.
- j) Tillaga að fjárhagsáætlun 2022**
Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2022.
Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 155,4 m.kr. og rekstrargjöld tæplega 155,4 m.kr. Framlög sveitarfélaga verði 22%.
Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.
Tillaga að fjárhagsáætlun er borin undir atkvæði og samþykkt með 31 atkvæði tveir eru á móti.
- k) Tillaga að gjaldskrá**
Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
Tímagjald hækkar úr 15.000 kr. í 17.250 kr.
Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- l) Tillaga að samþykkt um vatnsvernd á Suðurlandi**
Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir vatnsverndarsvæði á svæðinu og kynnti hvaða áhrif samþykktir hafa fyrir sveitarfélögin og leggur fram til umræðu og samþykktar tillögu að samþykkt um vatnsvernd á Suðurlandi.
Fundarstjóri gefur orðið laust, Friðrik Sigurbjörnsson og Helgi S. Haraldsson taka til máls.
Samþykkt um vatnsvernd á Suðurlandi er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- m) **Tillaga að breytingum á samþykktum um HSL**
Helgi Sigurður Haraldsson formaður stjórnar fer yfir og leggur fram til umræðu og samþykktar breytingar á samþykktum fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillaga á breytingum á samþykktum HSL er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- n) **Önnur mál**
Fundarstjóri gefur orðið laust, Yngvi Harðarson tekur til máls og ræðir um vatnsverndarsvæði og skilgreiningu á þeim, Sigrún Guðmundsdóttir tekur til máls.

2. **Almennar umræður**
Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. **Fundarslit**
Helgi Sigurður Haraldsson formaður þakkar fyrir góðan fund og þakkar starfsfólki og stjórn fyrir samstarfið.

Fundi slitið kl. 11:55

Rósa Sif Jónsdóttir fundarritari.